



6. fundur stjórnar L.H. (símafundur) var haldinn 13. júní 1994 kl. 20:30.

Allir aðalmenn mættir og auk þess Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.

- 1. Skipun dómnefnda á landsmóti sem haldið verður á Gaddstaðflötum við Hellu dagana 28. júní til 3. júlí n.k.**
Um er að ræða eftirtaldar dómnefndir: barnaflokkur, unglingaflokkur, A og B flokkur gæðinga.
Tillaga frá félaginu lá fyrir fundinum og var farið yfir hana og hún rædd. Sigfús Guðmundsson fulltrúi stjórnar L.H. í framkvæmdanefnd LM'94 greindi frá hugmyndum nefndarinnar um tilfærslu innan dómarahópsins milli keppnisflokka frá því sem Dómarafélagið hafði lagt til.
Stjórn L.H. fellst á þær breytingar sem framkvæmdanefndin óskar eftir m.a. í ljósi þess að eðlilegt getur talist að framkvæmdaaðili mótsins sem ber ábyrgð á framkvæmd þess í einu og öllu hafi um þetta mál að segja. Fram kom gagnrýni hjá fundarmönnum á eitt nafn á dómaralistanum og var Sigurði P. falið að ræða málið við formann Dómarafélagsins og óska eftir nýrri tilnefningu. Jafnframt var honum falið að skýra sjónarmið stjórnar varðandi tilfærslu dómara milli flokka. Að öðru leyti var framlagður listi samþykktur. Fram kom hjá fundarmönnum að tilnefning Dómarafélagsins hefði dregist úr hófi og var gerð athugasemd við það.
- 2. Skipun kappreiðadómnefndar.** Komin var tillaga um alla helstu starfsmenn kappreiða. Magnús Torfason verður formaður kappreiðadómnefndar. Þarf að skipa tvo menn aðra í nefndina og verður haft samband við skrifstofu Fáks um þetta. Framkomin tillaga samþykkt.
- 3. Rætt var um landsmótið** og upplýsti Sigfús fundarmenn um ýmiss atriði varðandi undirbúning þess og fyrirhugaða dagskrá. Þessi mál verða nánar rædd á stjórnarfundi 24. júní n.k.

Fundi slitið kl. 21:30

Mættir voru:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson Jón Bergsson
Kristmundur Halldórsson og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.